

Ár 2014, þriðjudaginn 23. september, er dómþing Dómstóls ÍSÍ sett í Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Reykjavík af Gunnari Guðmundssyni dómara.

Fyrir er tekið:
Málið nr. 6/2014
Pétur Sturla Bjarnason
gegn
Yfirdómnefnd Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka

Gögn málsins nr. 1- 9 liggja frammi.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

I.

Dómkröfur.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu ÍSÍ þann 1. september sl. Kærandi er Pétur Sturla Bjarnason kt. 130880-5689, en kærði Yfirdómnefnd Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara og var kærða gefinn kostur á að skila greinargerð í málinu, sem barst réttinum þann 18.september s.l..

Dómkröfur kæranda eru þær að þátttökuréttur Arnars Péturssonar kt. 120391-3489 dæmist ógildur.

Dómkröfur kærða Reykjavíkumaraþons f.h. yfirdómefndar og ÍBR eru þær að niðurstaða yfirdómnefndar standi óbreytt:

II.

Málsatvik og málatilbúnaður kæranda

Í kæru Lindu Freyjudóttur, maka Péturs Sturlu Bjarnasonar, kemur fram að hún áfrýi(sic) „niðurstöðu“ Yfirdómnefndar Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka dags. 28.08.2014 vegna kæru Péturs dags. 23. ágúst sl. vegna brota eins þátttakanda maraþonhlaupsins á reglum svo að varði ógildingunni á þátttökurétti hans í hlaupinu. Fram kemur í gögnum málsins umboð til handa Lindu vegna þessa ágreiningsmáls.

Ennfremur segir í kærinni:

„Um er að ræða þar sem stendur í reglum Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka:

- **10. gr. :** Hlaupabrautin er eingöngu ætluð keppendum. Ekki er heimilt að fylgja hlaupurum gangandi, hlaupandi, á hjóli eða öðrum farartækjum (undanþága fyrir fylgdarmenn fatlaðra). Það er á ábyrgð þátttakenda að vísa frá þeim sem vilja fylgja.
- **18. gr. :** Brot á ofangreindum reglum ógilda þátttökurétt í hlaupinu.

Kæra mín var sú að tiltekinn keppandi hefði haft hjólandi fylgd. Hans þátttöku bæri því að ógilda.

Í þessu samhengi skiptir það ekki máli hvar hann var í röðinni en meira bar á þessu þar sem hann kom í mark fyrstur Íslendinganna.

Yfirdómnefndin fundaði um málið þann 28. ágúst s.l. og sendi frá sér meðfylgjandi niðurstöðu.

Eftirgreind atriði koma þar fram:

- Kæran taldist lögmæt og tæk til formlegrar umfjöllunar.
- „Af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu má það vera ljóst að 2 hjólamenn hafi fylgt Arnari frá a.m.k. Hörpu (km 10-11) til lok hlaupsins. Það er skv. reglum hlaupsins óheimilt.“
- „.. niðurstaða dómnefndar að ekki beri að ógilda þátttökurétt hins kærða ..“

Það er skoðun mín, og þeirra mörgu sem ég hef leitað álits hjá, að önnur atriði sem til eru tínd í greinargerð Yfirdómnefndar Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka með „niðurstöðu“ sinni komi kæruefninu ekki við.“ Af hálfu kærða var ennfremur lagt fram dómskjal þar sem gerðar eru athugasemdir við greinargerð Arnars Péturssonar.

III.

Málatilbúnaður kærða.

Greinargerð kærða Reykjavíkumaraþons var send af hálfu Íþróttabandalags Reykjavíkur f.h. Reykjavíkumaraþons og Íþróttabandalags Reykjavíkur. Þar komu fram eftirfarandi athugasemdir við kæru:

„Kæran lýtur að úrslitum í Íslandsmeistaramóti í maraþoni sem Reykjavíkumaraþon tók að sér að framkvæma fyrir hönd Frjálsíþróttasambands Íslands. Slík keppni heyrir undir reglur Alþjóða frjálsíþróttasambandsins (IAAF) um framkvæmd götuhlaupa og maraþons sem við lítum svo á að séu reglum hlaupsins æðri. Yfirdómnefnd hlaupsins kemst að þeirri niðurstöðu að ekki liggi fyrir sannanir um að þeir sem hjóluðu með Arnari Péturssyni hafi veitt honum aðstoð.“

Að gefnu tilliti skal það einnig tekið fram að ekki eru gerðar athugasemdir við verklag yfirdómnefndar enda verður ekki annað séð en að það hafi verið með eðlilegum hætti.“ Þar sem svipuð rök höfðu áður komið fram í málinu og aðilar tjáð sig um þau var frekari gagnaöflun ekki talin nauðsynleg og málið því dómtekið.

IV.

Forsendur og niðurstöður.

Mál þetta var kært til Íþróttadómstóls ÍSÍ vegna meints brots keppanda í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka sem haldið var í Reykjavík þann 23. ágúst s.l..

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka hefur verið undir stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur síðan árið 1984 og hefur mótsstjórn m.a. verið fólgin í því að skipa fjögurra manna Yfirdómnefnd Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka sem úrskurðar um ágreiningsmál varðandi keppnina. Máli þessu var skotið þangað með réttum hætti að mati nefndarinnar. Samkvæmt reglum keppinnar eru allir Íslendingar sem skrá sig til þátttöku sjálfkrafa skráðir þátttakendur í Íslandsmeistaramóti í maraþoni og Frjálsíþróttasamband Íslands veitir sigurvegaranum verðlaun. Fram kemur í f-lið 2. grein laga Íþróttabandalags Reykjavíkur að hlutverk samtakanna sé að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraðinu. Það er mat réttarins að Íþróttadómstóll ÍSÍ sé bær til að taka málið til meðferðar samkvæmt framansögðu og að kærandi hafi samkvæmt grein 30.1 í lögum ÍSÍ kærurétt í máli þessu.

Samkvæmt þeim gögnum sem lögð hafa verið bæði fyrir Yfirdómsnefnd Reykjavíkumaraþons og þennan dómstóll verður ekki séð að sönnur hafi verið færðar á broti Arnars Péturssonar á 10. grein reglna sem gilda fyrir þátttakendur í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka sem geri það að verkum að ógilda beri þátttökurétt hans í

framangreindu Reykjavíkurmaraðoni. Með vísan til rökstuðnings yfirdómnefndar í niðurstöðu sinni ber því að staðfesta hana. Af þeim sökum er ekki fallist á dómkröfu kæranda í málinu.

Dómsorð:

Staðfesta ber niðurstöðu Yfirdómnefndar Reykjavíkurmaraðons Íslandsbanka frá 28. ágúst 2014 í kærumáli gegn Arnari Péturssyni

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði.

Frestur til að áfrýja máli þessu er ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Er aðilum bent á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómþingi slitið.

Gunnar Guðmundsson